

Mánudaginn 19. desember 1977.

Nr. 71/1975. **Hestamannafélagið Fákur**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Kolbrúnu Kristjánsdóttur

og gagnsök

(Örn Clausen hrl.).

Slys á veðreiðum. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Armann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. maí 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hennar hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. maí 1975. Krefst hún aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 3.826.306 krónur, til vara 1.534.969 krónur, en til þrautavara 1.372.730 krónur. Í öllum þessum tilvikum krefst gagnáfrýjandi vaxta af dæmdri fjárhæð, 7% ársvaxta frá 26. maí 1969 til 16. maí 1973, en 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til ýtrustu vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi haft uppi hærri fjárkröfur en í héraði. Eru eigi efni til að leyfa þá hækkun samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973.

Hinn 26. maí 1969 var gagnáfrýjandi knapi í 800 metra stökkkeppni hesta á veðreiðum, sem aðaláfrýjandi hélt á skeiðvelli sínum við Elliðaár. Var hún í þjónustu eiganda hests þess, sem hún reið, og fékk laun frá honum. Keppni í hlaupi þessu hafði fyrst verið tekin upp 3—4 árum áður og farið fram árlega síðan. Ekki er fyrir hendi uppdráttur af

skeiðvellinum, en meðal gagna máls er loftmynd af honum og nágrenni hans. Hefur brautin í 800 m hlaupinu verið mörkuð lauslega á loftmyndina. Samkvæmt því og málflutningi hér fyrir dómi var hlaupabrautin þannig, að hlaupið skyldi hefjast á syðri enda hinnar venjulegu beinu skeiðbrautar, sem var allt að 15 metrum breið, og skyldi hleypa eftir henni til norðurs 250—300 metra. Þá skyldi beygt út af beinu skeiðbrautinni til vinstri (vesturs) á braut, sem lá í hring norður fyrir endann á beinu brautinni og síðan inn á hana aftur að austan, þar á móts við sem hringbrautin lá út af henni til vesturs. Lokaspretturinn skyldi farinn 250—300 metra til suðurs eftir beinu brautinni að marki.

Eins og greinir í héraðsdómi, hafði verið strengdur kaðall þvert yfir eða á ská yfir beinu skeiðbrautina, þar sem hringbrautin byrjaði. Kaðallinn var um einn þumlungur í þvermál að áliti stjórnarformanns áfrýjanda og vallarstjóra. Af framburði sjónarvotta verður ráðið, að hann hafi ekki verið nýr og ekki auðkenndur með veifum né á annan hátt. Telja sum vitni, að kaðallinn hafi verið samlitur jörðinni og sést illa. Kaðallinn var strengdur yfir beinu brautina til að beina hlaupinu út á hringbrautina og hindra hestana í að hlaupa áfram beinu brautina.

Gagnáfrýjandi skýrir svo frá, að á öðrum veðreiðum á þessum sama skeiðvelli hafi verið sá umbúnaður, að strengdur hafi verið kaðall yfir beinu brautina og röð af fólki verið fyrir aftan hann. Hafi hún búist við, að umbúnaður yrði eins í þetta skipti, en þá hafi aðeins verið strengdur mjór kaðall yfir brautina. Hafi hún ekki séð neinn mann standa við hann. Af gögnum máls er ljóst, að í önnur skipti, þegar 800 metra hlaup fór fram, voru menn látnir standa meðfram kaðlinum. Stjórnarformaður aðaláfrýjanda skýrir svo frá, að 4—5 hlaupgæslumenn hafi staðið við kaðalinn í umrætt sinn, en þeir hafi verið færri en æskilegt hafi verið. Nokkur vitni hafa borið, að einhverjir menn hafi staðið þar. Hins vegar hafa þrjú vitni borið, að engir menn hafi staðið meðfram kaðlinum í umrætt sinn, og á kvikmynd þeirri, sem tekin var af hlaupinu og í héraðsdómi greinir, sést ekki, að menn hafi

staðið við kaðalinn sitt hvorum megin nema við enda hans. Verður að leggja það til grundvallar dómi í málinu, svo sem sakargögn horfa við.

Aðaláfrýjandi seldi almenningi aðgang að skeiðvellingum og hét verðlaunum eigendum þeirra hesta, sem fyrstir kæmu í mark. Bar honum að sjá um, að skeiðbrautir væru þannig lagðar og umbúnar, að þær byðu eigi heim sérstakri hættu. Eins og áður greinir, var eigi annar umbúnaður til að beina hestunum að beinu skeiðbrautinni út á hringbrautina en kaðallinn, sem strengdur var yfir brautina. Ætla má, að hestar hafi ekki séð kaðal þennan, eins og honum er lýst, fyrr en rétt áður en þeir komu að honum. Slíkur umbúnaður var alls ófullnægjandi og eigi fallinn til að hindra, að hestar hlypu áfram beinu brautina. Aftur á móti stóð sú hætta af umbúnaði þessum, að hestar, sem hlypu á kaðalinn, kynnu að hrasa eins og raunin varð. Ljóst er og, að umbúnaður var ekki í samræmi við það, sem verið hafði á fyrri kappreiðum. Verður að telja vanbúnað vallarins öðrum þræði orsök slyssins og leggja fébótaábyrgð á aðaláfrýjanda vegna tjóns gagnáfrýjanda.

Fram er komið, að gagnáfrýjandi þekkti vel allar aðstæður á skeiðvellingum og vissi, hvar beygja skyldi út af beinu brautinni. Henni tókst ekki að stýra hesti sínum á rétta braut í tæka tíð. Á hún því einnig sök á slysinu. Þykir hæfilegt að hún beri sjálf helming tjóns síns.

Gagnáfrýjandi sundurliðar aðalkröfu sína fyrir Hæstarétti þannig:

- | | | |
|----|--|---------------|
| A. | Örorkubætur samkvæmt útreikningi Þóris Bergssonar 5. september 1974 | 1.034.969 kr. |
| B. | 240% hækkun bóta vegna varanlegrar örorku í samræmi við hækkanir á lðjutöxtum frá 5. september 1974 til 3. desember 1977 | 2.291.337 -- |
| C. | Miski | 500.000 — |

Samtals 3.826.306 kr.

Varakrafan er miðuð við A og C liði aðalkröfu, en þrautavarakrafan er miðuð við örorkutjónsútreikning Þóris Bergssonar 19. mars 1973, 872.730 krónur, að viðbættum 500.000 krónum vegna miska.

Tjón gagnáfrýjanda vegna örorku og miska þykir hæfilega metið í héraðsdómi. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda helming þess, 500.000 krónur, ásamt vöxtum eins og krafist er.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 225.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Hestamannafélagið Fákur, greiði gagnáfrýjanda, Kolbrúnu Kristjánsdóttur, 500.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 26. maí 1969 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 225.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar og
Benedikts Sigurjónssonar.**

Við vísum til atkvæðis meiri hluta dómenda um lýsingu á lögum og gerð skeiðbrautar þeirrar, sem 800 m hlaupið var þreytt á. Þess skal þó getið, að ráða mátti af kvikmynd þeirri, sem getið er um í héraðsdómi og sýnd var í Hæstarétti, að beygjan af beinu brautinni út á hringbrautina hafi verið svo víð, að knaparnir tveir, sem voru í riðli með gagnáfrýjanda, hófu beygjuna út á hringbrautina, þegar enn var óriðinn alllangur spölur að kaðlinum, sem lokaði beinu brautinni. Er knapar þessir hófu beygjuna, reið gagnáfrýjandi hins vegar óbreytta stefnu og hélt henni, þar til hún kom að kaðlinum og hestur hennar reyndi að stökkva yfir hann með þeim afleiðingum, sem í héraðsdómi greinir.

Enginn ágreiningur er um það, að gagnáfrýjandi var þaul-

kunnug skeiðbrautinni og að hún hafði verið þar að æfingum dagana fyrir veðreiðarnar. Einnig þá var notaður kaðall til að girða fyrir beinu brautina og marka hringbrautina, og vissi áfrýjandi, að svo mundi og verða á sjálfum veðreiðunum. Hins vegar telur hún, að aðaláfrýjandi hafi ekki gætt þess þá að láta nægilega marga menn standa við kaðalinn í varúðarskyni. Virðist málssókn gagnáfrýjandi gagnert reist á því, að þar sem aðaláfrýjandi hafi skipað of fáum mönnum við kaðalinn á veðreiðunum, hafi hestur hennar ekki séð hann í tæka tíð til að beygja nægilega snemma út á hringbrautina og því reynt að stökkva yfir kaðalinn.

Í málinu er engin skýring komin fram á því af hendi gagnáfrýjandi, hvers vegna hún vék ekki hesti sínum út á hringbrautina jafnsnemma hinum knöpunum, heldur hélt beinni stefnu alveg að kaðlinum. Í málflutningi fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu gagnáfrýjandi, að því væri ekki haldið fram í málinu, að hún hefði ekki haft nægilegt vald yfir hesti sínum. Enn fremur væri viðurkennt, að sjálf hefði hún séð kaðalinn og vitað um hann. Þegar þessa er gætt, verður ekki annað séð en að óhapp gagnáfrýjandi verði rakið til stjórnar hennar sjálfrar á hestinum. Mátti gagnáfrýjandi ekki treysta því, að hestur hennar viki af sjálfsdáðum í tæka tíð út á hringbrautina, ef menn aðeins stæðu við kaðalinn inni á sjálfri beinu brautinni, en ekki hefði verið háskalaust að vera þar, eins og hestur gagnáfrýjandi hljóp. Verður ekki felld ábyrgð á aðaláfrýjanda á óhappi gagnáfrýjandi, sem stafaði af því, hvernig hún stjórnaði hesti sínum. Ber því að sýkna hann af kröfum hennar í málinu, en rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt framanrituðu teljum við, að dómsorð ætti að vera svofellt: Aðaláfrýjandi, Hestamannafélagið Fákur, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjandi, Kolbrúnar Kristjánsdóttur, í máli þessu. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. desember 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 2. desember sl., hefur Kolbrún Kristjánsdóttir, Skálagerði 5,

Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 29. maí 1973, gegn Hestamannafélaginu Fáki, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta samtals að fjárhæð kr. 1.388.929 með 7% ársvöxtum af kr. 1.372.730 frá 26. maí 1969 til 8. desember 1970, af kr. 1.376.230 frá þeim degi til 19. janúar 1971, af kr. 1.380.730 frá þeim degi til 24. maí 1972, af kr. 1.385.929 frá þeim degi til 19. mars 1973 og af kr. 1.388.929 frá þeim degi til 1. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f er stefnt til réttargæslu.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og jafnframt að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar sjálfstæðar kröfur gerðar, enda eru ekki gerðar sjálfstæðar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Leitast hefur verið við að setta mál þetta, en án árangurs.

Rétt þykir að rekja nokkuð gang málsins. Það var þingfest 7. júní 1973. Lögmaður stefnda skilaði greinargerð 28. júní 1973, og var málinu þá frestað um óákveðinn tíma. Undirritaður dómsformaður fékk málið til meðferðar 19. nóv. 1973 og tók málið fyrst fyrir 11. desember 1973. Síðan fóru fram nokkrar yfirheyrslur í málinu, og var málið munnlega flutt 20. júní sl. Eftir að málflutningur hafði farið fram, hafði lögmaður stefnanda samband við dómara málsins og tilkynnti, að filma, sem sýndi óhapp það, sem málið er af risið, hefði fundist inni í Sjónvorpi. Var málið því endurupptekið 26. júní sl., og fóru lögmenn aðilja og undirritaður dómsformaður inn í Sjónvorp og sáu kvikmynd, sem sýndi óhapp það, sem málið er af risið. Lögmenn aðilja óskuðu ekki að flytja málið að nýju, og var það dómtekið aftur sama dag. Eftir þá dómtöku sýndist undirrituðum dómsformanni rétt að endurupptaka málið og gefa lögmanni stefnanda kost á að leggja fram eintak af kvikmynd þeirri, sem dómara og lögmenn aðilja horfðu á inni í Sjónvorpi 26. júní sl., og jafnframt að rétt væri að kveðja til sérfróða meðdómsmenn. Málið var síðan endurupptekið þess vegna 12. júlí 1973, og var málinu frestað til framlagningar umbeðinna gagna til 9. sept. sl. Þann dag var filman lögð fram sem dskj. nr. 19, og var þá jafnframt ákveðið, að tími til munnlegs málflutnings yrði ákveðinn síðar. Vegna mikilla anna dómsformanns og svo þess, að leita varð til utanbæjarmanna til meðdómendastarfa, en annar þeirra var bundinn vegna starfs síns.

pá dróst, að tími til munnlegs málflutnings væri ákveðinn. Munnlegur málflutningur fór síðan fram 2. þ. m., en áður var filman á dskj. nr. 19 sýnd í réttinum.

Málavextir eru þeir, að hinn 26. maí 1969 hélt stefndi, Hestamannafélagið Fákur, kappreiðar á skeiðvelli félagsins við Elliða-ár. Stefnandi var knapi á kappreiðum þessum. M. a. var hún knapi í 800 m hlaupi. Í hlaupi þessu varð stefnandi fyrir því slysi, að hesturinn, sem hún reið, stökk á kaðal og féll. Við það kastaðist stefnandi fram af hestinum og varð fyrir töluverðum meiðslum.

Vegna máls þessa hafa farið fram nokkrar yfirheyrslur, og hafa komið fyrir dóm stefnandi, Sveinn Kjartan Sveinsson, stjórnarformaður stefnda, Bergur Magnússon, framkvæmdastjóri stefnda, Sveinbjörn Dagfinnsson, Páll Melsted, Pétur Guðmundsson, Sigurjón Jakobsson, Guðmundur Sigurðsson, Haukur Hjartarson og Sveinn Þormóðsson. Yfirheyrslur þessar fóru fram, áður en málið var flutt 20. júní sl., en eftir að filman á dskj. nr. 19 var sýnd í réttinum 2. þ. m. og áður en málið var flutt að nýju, komu fyrir dóm til yfirheyrslu þeir Guðmundur Þorsteinsson, Pétur Hjálms-son og Birgir Kristjánsson.

Yfirheyrslurnar, sérstaklega þær, sem fram fóru, áður en málið var flutt 20. júní sl., beindust mjög að því að upplýsa, hvernig umbúnaði hefði verið háttað í 800 m hlaupi á kappreiðunum 26. maí 1969.

Þykir rétt að rekja nokkuð það, sem fram kom við yfirheyrslurnar. Fyrir dómi bar stefnandi, að áður en hún varð fyrir slysi þessu, hafi hún unnið við að temja hesta og jafnframt unnið sem knapi. En þá er hún vann sem knapi, þá hafi eigendur hestanna greitt henni laun, en ekki stefndi.

Fyrir dómi staðfesti stefnandi sem rétta málavaxtalýsingu í stefnu, en þar segir m. a., að nokkrum dögum fyrir slysið hafi stefnandi verið að æfingu á þessum sama stað með sama hest. Þar sem beina brautin endaði og hringbrautin tók við, hafi verið strengdur mjór kaðall þvert fyrir endann á beinu brautinni. Skyldi kaðall þessi vísa hestunum inn á hringbrautina. Kaðalinn hafi verið mjög erfitt að sjá og illmögulegt fyrr en komið var alveg að honum og það orðið of seint, þegar hestarnir beygðu á þeim hraða, sem þeir eru á í veðhlaupi. Því hafi það verið, að á ofangreindri æfingu hafi hestur stefnanda hlaupið á kaðalinn og fallið við. Stefnandi hafi dottið af baki, en ekki meiðst. Af þessari ástæðu hafi stefnandi rætt við forráðamann Fáks, sem hafi orðið

vitni að atburði þessum og unnið að undirbúningi veðreiðanna, er halda átti hinn 26. maí 1969.

Í stefnu kemur fram, að forráðamenn stefnda hafi lofað að sjá til þess, að á væntanlegum veðreiðum yrði í stað kaðals höfð þreföld röð af mönnum, sem stæðu við endann á beinu brautinni, til þess að beina hestunum inn á hringbrautina, svo sem verið hafði áður á veðreiðum.

Fyrir dómi sagði stefnandi, að þetta væri rangt, að í stað kaðals yrði höfð þreföld röð af mönnum, heldur hafi það verið þannig, að kaðallinn hafi alltaf verið hafður, en fyrir aftan hann hafi fólk staðið. Þeir knaparnir hafi óskað eftir því við forráðamenn Fáks, að kaðallinn yrði merktur með veifum. Það hafi forráðamennirnir ekki viljað, þar sem þeir hafi talið hættu á því, að hestarnir fældust veifurnar. Þá hafi knaparnir óskað eftir því, að kaðallinn yrði að minnsta kosti málaður, en það hafi ekki verið gert.

Í stefnu segir svo: „Stefnandi vissi síðan ekki betur en þetta yrði gert. Raunin varð þó önnur svo sem raun ber vitni, og var aðeins strengdur mjór kaðall fyrir endann á beinu brautinni. Hestur stefnanda hljóp á kaðalinn og féll við, svo að stefnandi féll af baki með framangreindum afleiðingum.“ Fyrir dómi sagði stefnandi, að þetta væri rétt. En á öðrum veðreiðum á þessum sama skeiðvelli, þá hafi þessi umbúnaður, strengdur kaðall og röð af fólki fyrir aftan, verið hafður. Árið eftir hafi verið eins og áður strengdur kaðall og hafi þá verið alveg veggur af fólki fyrir aftan kaðalinn. Fyrir dómi var stefnandi spurð að því, hver muni hafa verið ástæðan fyrir því, að umbúnaði á skeiðvellingum hafi verið öðru vísi hagað þarna 26. maí 1969 en í önnur skipti, og svaraði stefnandi því til, að þegar hún hafi spurst fyrir um þetta, þá hafi henni verið svarað, að þetta hefði gleymst. Stefnandi kveðst halda, að það væri rétt munað hjá sér, að það hafi verið Bergur Magnússon, sem sagði stefnanda, að þetta hefði gleymst, en Sveinbjörn Dagfinnsson hafi engin svör gefið.

Stefnandi sagðist ekki hafa séð, áður en hlaupið hófst eða í byrjun hlaups, hvernig umbúnaði við kaðalinn á brautinni hafi verið háttað, enda hafi hún haft um annað að hugsa, þegar hún var að ræsa hestinn, og hafi hún treyst því, að umbúnaður væri í standi. Stefnandi tók fram, að hestar sjái mjög stutt fram fyrir sig, ekki meira en svona 5—7 m.

Stefnandi sagði, að þá er slysið varð, hafi hún verið lengst til hægri á brautinni í upphafi hlaups, þannig að hún hefði átt að

lenda innst í hringnum, ef hún hefði ekki orðið fyrir slysinu. Hestarnir, sem tóku þátt í þessu hlaupi, hafi verið fimm og hlaupið mjög jafnt.

Stefnandi sagðist engan hafa séð standa við kaðalinn, þá er hún leit upp, en hesturinn hafi fallið um strengdan kaðalinn, og giskaði stefnandi á, að kaðallinn hafi verið í um meters hæð. Stefnandi sagði, að seinna hefði henni verið sagt, að menn hafi staðið í sitt hvoru horninu.

Stefnandi sagði, að sig minnti endilega, að hún hafi verið yst til hægri, þá er hlaupið byrjaði, og sig minnti líka, að hestarnir hafi verið fimm.

Á kappreiðunum hafi verið strengd snúra báðum megin við brautina alla leið, en snúra þessi sé miklu mjórri en kaðallinn, sem lokaði beinu brautinni.

Stefnandi sagði, að hesturinn, sem hún reið, þá er slysið varð, hafi ekki verið óeðlilega fælinn. Hesturinn hafi tekið þátt í kappreiðum seinna sumarið 1969 og svo aftur árið eftir hjá Fákí. En hún hafi verið búin að vera með hestinn, sem hún var á, þegar hún slasaðist, á æfingum og í þjálfun frá því í febrúar eða mars 1969. Hún hafi ekki tamið hestinn. En hún hafi verið með þennan sama hest sumarið 1968 á kappreiðum bæði á Hellu og á Iðavöllum, en ekki á veðreiðum hjá Fákí það ár. Stefnandi sagðist halda, að hesturinn hafi verið átta eða níu vetra, þá er slysið varð. Eigandi hestsins hafi verið Jóhanna Kristjánsdóttir.

Stefnandi sagði, þá er hún kom fyrir dóm, að hún ynni nú fulla vinnu í Brauðgerð Mjólkursamsölunnar, en sagðist vera undir læknishendi vegna handleggsbrotsins og taki hún nú meðöl til þess að eyða bólgu í hendinni og sagði, að vel gæti verið, að hún þyrfti að fara í æfingar aftur, en hún hafi alltaf óþægindi í hendinni.

Fyrir dómi bar Sveinn Kjartan Sveinsson, stjórnarformaður stefnda, að hann myndi eftir því, þegar stefnandi féll af baki á kappreiðum 26. maí 1969, en þá hafi hann verið formaður dómnefndar. Við kappreiðarnar starfi hlaupgæslumenn og hafi þeir átt að sjá um að strengja kaðalinn, þar sem loka skyldi beinu brautinni og beina hlaupinu inn í hringinn. Menn þessir, sem stóðu við kaðalinn, hafi í þetta skipti verið færri en æskilegt hefði verið. Ekki gat stjórnarformaðurinn upplýst, hve margir mennirnir voru. Brautin hafi verið ca 15 m breið. Kaðallinn, sem strengja átti, hafi verið festur í staur öðrum megin, en laus austan megin. Stjórnarformaðurinn sagðist halda, að kaðallinn hafi

verið rúman meter frá jörðu, en kaðallinn hafi verið að sverleika það, sem hann mundi kalla lipran kaðal, og giskaði á svona tommu í þvermál. Þegar hlaup þetta byrjaði, hafi svo kaðallinn verið strengdur og annað hvort hafi hann verið festur að austanverðu eða maður haldið honum. Stjórnarformaðurinn tók fram, að hestur sá, sem stefnandi reið, hafi verið óþjáll.

Stjórnarformanninum var, þá er hann var fyrir dómi, sýnd ljósmyndin á dskj. nr. 11, og skýrði hann afstöðu svipað og stefnandi, en taldi, að hlaupið hafi byrjað heldur norðar.

Stjórnarformanninum var kynnt það, sem fram kom í mála-vaxtalýsingu í stefnu og í yfirheyrslu, þá er stefnandi kom fyrir dóm, það, að engir menn hafi verið við kaðalinn. Stjórnarformaðurinn sagðist ekki muna betur en þarna hafi verið 4 eða 5 menn, en mennirnir muni hafa verið of fáir. Stjórnarformaðurinn tók fram, að hann hafi verið ca 250 m í burtu frá þeim stað, er slysið varð. Það muni vera rétt, sem fram komi hjá stefnanda, að hún hafi ekki getað séð í byrjun hlaups, hvernig umbúnaði við kaðalinn var háttað. Hinir hestarnir í hlaupinu hafi náð beygjunni.

Fyrir dómi bar Bergur Magnússon, framkvæmdastjóri stefnda, að hann hafi verið að vinna við kappreiðarnar 26. maí 1969, þá er stefnandi féll af baki, en þá er slysið varð, hafi hann verið inni í veðbankanum og ekki séð slysið.

800 m hlaup hafi þeir hjá Fáki verið nýbúnir að taka upp, þá er slysið varð. Framkvæmdastjórinn tók fram, að þetta hlaup muni hafa farið fram í 3 eða 4 ár fyrir slysið. Undanfarin 2 ár hafi kappreiðar hjá Fáki farið fram á nýjum skeiðvelli. Framkvæmdastjóranum var sýnd ljósmyndin á dskj. nr. 11, og skýrði hann frá staðháttum líkt og stefnandi. Framkvæmdastjórinn tók fram, að nokkrum dögum fyrir slysið hafi stefnandi verið að æfa og hafi hún þá dottið af baki inni í hringnum.

Venjulega hafi, þar sem loka átti beinu brautinni og beina hestunum inn í hringinn, verið strengdur kaðall, og hélt framkvæmdastjórinn, að á kaðli þessum hafi verið flögg og einhverjir menn staðið við kaðalinn. Ekki vissi framkvæmdastjórinn, hve margir, en taldi, að Sveinbjörn Dagfinnsson, sem verið hafi vallarstjóri á kappreiðum þessum, mundi frekar geta upplýst þetta.

Framkvæmdastjóranum var kynnt úr framburði stefnanda um ósk knapa eftir því, að kaðallinn yrði merktur með veifum. Framkvæmdastjórinn sagðist ekki vita, hvort veifur hafi verið notaðar, en hann hafi sjálfur útvegað veifur. Kaðallinn hafi ekki verið málaður, en gulur að lit.

Framkvæmdastjórinn mundi ekki hvar í röðinni stefnandi var á brautinni, en hélt, að hún hefði verið nr. 2, þegar hlaupið byrjaði, en þetta sé hægt að sjá í skrá yfir kappreiðarnar.

Framkvæmdastjórinn sagði, að hann hafi ekki séð, þá er stefnandi datt af baki á æfingu fyrir kappreiðarnar, en stefnandi hafi sagt framkvæmdastjóranum frá því, að hún hefði dottið af baki. Að öðru leyti man framkvæmdastjórinn ekki eftir samræðum sínum við stefnanda í það skiptið. En af hálfu Fáks sé æfingum ekki stjórnað, nema þá, er vera skyldi lokaæfingu. Framkvæmdastjórinn sagði, að innri hringurinn hafi allur verið afmarkaður með strengdum kaðli, þá er hringhlaupið fór fram. Það væri vallarstjóri, sem tæki ákvörðun um það, hvort veifur væru notaðar eða ekki.

Framkvæmdastjórinn sagði, að stefnandi hafi kennt við reiðskóla Fáks frá því í mars 1969 og þar til hún varð fyrir slysinu. Framkvæmdastjórinn hélt, að stefnandi hafi kennt við reiðskóla Fáks á árinu 1968, en var ekki viss, en svo hafi stefnandi kennt við reiðskóla Fáks veturinn 1972. Framkvæmdastjórinn hafi óskað eftir því við stefnanda, að hún kenndi við reiðskólann eftir slysið, en stefnandi hafi ekki talið sig geta það fyrr en á árinu 1972.

Fyrir dómi bar Sveinbjörn Dagfinnsson, fyrrverandi formaður stefnda, að hann hafi verið vallarstjóri á kappreiðum Fáks 26. maí 1969. Hann hafi séð, þá er stefnandi féll af baki, en hann hafi séð þetta úr fjarlægð, þar sem hann hafi verið staddur á dóm-palli.

Í 800 m hlaupi hafi verið strengdur kaðall fyrir beinu brautina, þar sem hringurinn byrjar. Á kappreiðum þessum hafi fyrirkomulag verið eins og þegar 800 m hlaup hafi verið hlaupið á öðrum kappreiðum, sem ekki hafi verið oft. Fyrirkomulagið hafi verið þannig, að kaðall hafi verið strengdur á milli tveggja staura og hafi menn raðað sér fyrir framan kaðalinn. Ekki mundi vallarstjórinn, hve margir, en þeir hafi verið þó nokkuð margir, og mynduðu mennirnir að mati vallarstjórans algera hindrun. Vallarstjórinn sagðist hafa séð, þar sem hann var á dómpallinum og fylgdist með hlaupinu, að þegar komið var að hringnum, þá hafi hinir hestarnir sveigt til vinstri, en hestur stefnanda hafi hlaupið beint áfram og síðan á kaðalinn. Vallarstjórinn heldur, að stefnandi hafi verið með hest sinn nokkurn veginn á miðri braut. Í hlaupinu hafi tekið þátt 4 hestar. Ekki mundi hann, hvar í röðinni stefnandi hafi verið í upphafi hlaups.

Vallarstjórinn sagðist ekki muna, hvort veifur hafi verið notaðar á kaðalinn, en taldi, að veifur hefðu ekki komið að neinu gagni, þar sem mönnum hafi verið raðað fyrir framan kaðalinn. Kaðallinn hafi verið rúmlega tomma að þykkt. Ekki mundi hann um lit kaðalsins.

Þá er vallarstjórinn var fyrir dómi, var honum kynnt það, sem fram kemur í málavaxtalýsingu í stefnu um, að engir menn hafi verið við kaðalinn, þá er slysið varð, og sagði vallarstjórinn, að þetta væri alrangt, og tók fram, að hann hafi óttast, þá er hann sá hest stefnanda hlaupa beint áfram, að slys yrði á mönnum, sem stóðu við kaðalinn, ekki síður en á stefnanda.

Eftir slysið hafi honum verið sagt frá því, að stefnandi hefði dottið af baki af þessum hesti á æfingu, en stefnandi hafi ekki talað við vallarstjóran þess vegna.

Vallarstjórinn sagði, að þegar hann segi, að menn hafi staðið fyrir framan kaðalinn, þá sé það álit hans, en hann hafi ekki kynnt sér þetta. Mennirnir hafi átt að vera fyrir framan, en ekki aftan, en þaðan, sem vallarstjórinn var, þá hafi hann séð mennina, en ekki hvorum megin við kaðalinn þeir stóðu. Vallarstjórinn sagðist með engu móti geta áttað sig á því, hve mennirnir hafi verið margir, sem stóðu við kaðalinn.

Stefnandi hafi á þessum tíma verið mjög hæfur knapi. Hafi hún verið með hæfustu knöpum. Vallarstjórinn hafi talið ástæðuna fyrir óhappinu, að hesturinn hafi ekki hlýtt knapa sínum. Þá er framburður vallarstjórans var lesinn fyrir honum, játaði hann framburðinn rétt bókaðan, þó með þeirri athugasemd, að réttara muni vera, að mennirnir, sem stóðu fyrir framan kaðalinn, hafi verið nokkrir og giskaði á, að þeir hafi verið 4 eða 5.

Fyrir dómi bar Guðmundur Sigurðsson teiknari, að hann hafi verið áhorfandi á kappreiðum Fáks hinn 26. maí 1969. Guðmundur kvaðst hafa séð, þá er stefnandi féll af hestbaki. Hann hafi staðið nokkuð nálægt slysstað. Guðmundi var sýnt það eintakið af dskj. nr. 11, sem merkt hefur verið inn á, og taldi hann, að slysið hafi orðið, þar sem þverstrikið er á brautina, og sagði, að sig minnti, að kaðallinn hefði ekki verið strengdur þvert á brautina, heldur eitthvað á ská. Kaðallinn hafi verið mjög samlitur jörðinni og muni hann hafa verið gamall. Við kaðalinn hafi ekki verið röð af mönnum, en nálægt kaðlinum öðrum megin hafi verið einn maður, líklega sá, sem strengdi kaðalinn. Guðmundur var spurður um það, hvort hann gæti fullyrt, að ekki hafi staðið menn

við kaðalinn. Guðmundur kveðst örugglega muna, að menn hafi ekki staðið við kaðalinn.

Þá er horft var fram eftir brautinni, hafi stefnandi verið lengst til hægri. Hesturinn hafi hlaupið beint áfram og ekki virst ætla að beygja, en þá er hesturinn var rétt kominn að kaðlinum, hafi hann hægt aðeins á sér, en svo gert tilraun til að stökkva yfir kaðalinn. Það hafi ekki tekist, fætur hestsins hafi flækst í kaðlinum og bæði knapinn og hesturinn dottið. Ekki kvaðst Guðmundur muna, hvort kaðallinn hafi við þetta losnað eða slitnað, athygli hans hafi beinst að öðru.

Guðmundur kvaðst hafa verið við endann á áhorfendasvæðinu vinstra megin við hlaupabrautina, þá er horft er fram eftir brautinni. Hann giskaði á, að hann hafi verið í ca 20 m fjarlægð frá slysstað. Guðmundur merkti inn á afrit af dskj. nr. 11 þann stað, sem hann taldi, að hann hefði verið á.

Fyrir dómi bar Haukur Hjartarson brunavörður, að hann hafi verið áhorfandi á kappreiðum Fáks 26. maí 1969. Haukur kvaðst hafa séð, þá er stefnandi féll af baki. Hann hafi verið á áhorfendapöllum vinstra megin við hlaupabrautina, þá er horft er fram. Hauki var sýnt það eintakið af dskj. nr. 11, sem merkt hefur verið inn á, og taldi hann, að slysið hafi orðið, þar sem þverstrikið er á beinu hlaupabrautina, en þar hafi verið strengdur kaðall og hægra megin dálítið frá slysstað inni í hringnum hafi staðið einn maður, en engir menn hafi staðið við kaðalinn. Sérstaklega aðspurður sagðist Haukur vera viss um, að engir menn hefðu verið við kaðalinn til þess að hindra hestinn í því að hlaupa á kaðalinn eða til þess að beina hestunum í aðra átt. Hesturinn hafi stokkið á kaðalinn. Haukur þorði ekki að fullyrða, hvort hesturinn hefði þá sveigt eilítið til hliðar eða snúið beint, þá er hann lenti á kaðlinum. Haukur tók ekki eftir því, hvort hesturinn gerði tilraun til að stökkva yfir kaðalinn, en þá er hesturinn datt, þá hafi stefnandi kastast af baki og eina 3—4 m fram yfir hestinn. Kaðallinn hafi verið ljósbrúnn og verið vel sjáanlegur mannsaugum.

Haukur kveðst vera meðlimur í Hestamannafélaginu Fáki. Hann sagði, að fjarlægðarskyn hesta væri mjög takmarkað, eðlileg viðbrögð hjá hestum, þá er þeir sjái hindrun fyrir framan sig, séu að reyna að stoppa, en það fari eftir jarðveginum og öðrum aðstæðum, hvort hesturinn við stöðvunina þrjóni eða steypist fram yfir sig.

Fyrir dómi bar Sveinn Þormóðsson ljósmyndari, að hann hafi

verið við vinnu sína sem ljósmyndari Morgunblaðsins á kappreiðum Fáks 26. maí 1969. Hann hafi séð, þá er stefnandi féll af baki. Hann hafi fylgst með hlaupinu frá upphafi og hafi hann horft á stefnanda í gegnum aðdráttarlinsu, þá er hún féll af baki, en ætlun Sveins hafi verið að taka mynd af stefnanda og hesti hennar á beygjunni.

Sveinn sagðist hafa staðið hægra megin við hlaupabrautina, þegar horft er fram eftir brautinni, og hafi hann verið nokkuð fyrir framan rásstaðinn og hafi hann tekið myndir í upphafi hlaups. Athygli hans hafi sérstaklega beinst að hesti stefnanda, þar sem Sveini hafi litist sá hestur sigurstranglegastur. Hestur stefnanda hafi verið lengst til hægri á brautinni og hafi hann verið nr. 3. Ekki vissi Sveinn, hvernig á því stóð, að hestur, sem var nr. 3, var lengst til hægri. Eftir að hlaupið var byrjað, sagðist Sveinn hafa skipt um myndavél og notað myndavél með aðdráttarlinsu og í gegnum aðdráttarlinsuna hafi hann horft á slysið. Inni í hringnum hægra megin hafi verið einn maður, og sagðist Sveinn hafa séð þann mann hlaupa til stefnanda eftir slysið. Sveinn kvaðst vera viss um, að engir menn hafi staðið við kaðalinn. Á kaðlinum hafi engin merki verið. Sveinn hafi sjálfur ekki tekið eftir kaðlinum í byrjun. Hesturinn hafi virst ekki taka eftir kaðlinum og hafi hesturinn tekist upp að aftan og stefnandi steypst fram yfir sig.

Sveinn sagði, að á öðrum kappreiðum hjá Fákí hafi á sama stað og slysið varð menn verið látnir standa við kaðalinn, en ekki í þetta skipti.

Sveinn sagðist hvorki vera skyldur né tengdur stefnanda, en hafa sem blaðamaður talað við hana og séð til hennar sem knapa á kappreiðum. Sveinn taldi, að áður en stefnandi varð fyrir slysinu hafi hún verið með bestu knöpum, sem tóku þátt í kappreiðum. Sveinn sagðist síðar hafa séð stefnanda á hestbaki og sé það allt annað en áður en hún varð fyrir slysinu. Virðist hún nú hafa misst kjarkinn. Sveinn sagðist hafa tekið myndir af hlaupinu og hélt, að hann hefði náð myndum af slysinu sjálfu, en filmurnar hafi hann ekki fundið ennþá.

Fyrir dómi bar Páll Melsted múrari, að hann hafi verið hlaupgæslumaður á kappreiðum Fáks 26. maí 1969. Páll kvaðst muna eftir því, að stefnandi hafi dottið af baki á þessum kappreiðum. Almennt hafi á kappreiðum Fáks, þá er 800 m hlaup fóru fram á þessum skeiðvelli, verið strengdur kaðall þvert yfir beinu brautina til þess að beina hestum inn í hringinn og svo hafi einnig ver-

ið gert í því hlaupi, sem stefnandi slasaðist í. Páli var sýnt það eintak af dskj. nr. 11, sem merkt hefur verið inn á, og sagði hann, að kaðallinn hafi verið strengdur, þar sem þverstrikið er á ljósmyndinni. Venjan hafi verið, að kaðallinn væri fastur öðrum megin, en maður haldið í hinn endann og venjulega hafi 6 menn raðað sér við kaðalinn. Í það skipti, sem stefnandi datt af baki, hafi einhverjir menn staðið við kaðalinn, en Páll kveðst ekki muna, hve margir þeir voru, en þeir hafi átt að vera 6. Páll sagðist búast við, að mennirnir hafi verið færri en 6. Sjálfur hafi hann verið einn af þessum mönnum, sem stóðu fyrir aftan kaðalinn. Páll var ekki viss, en hélt, að hann hafi verið við endann á kaðlinum. Páli var kynnt það, sem fram kom, þá er þeir Guðmundur Sigurðsson, Haukur Hjartarson og Sveinn Þormóðsson voru yfirheyrðir vegna máls þessa, að engir menn hefðu staðið við kaðalinn og inni í hringnum til hliðar hefði bara verið einn maður. Páll fullyrti samt, að við kaðalinn hefðu nokkrir menn staðið.

Páll var spurður að því, hvað hefði orðið um mennina, sem stóðu fyrir aftan kaðalinn, þegar hesturinn stökk á kaðalinn, og svaraði Páll því til, að mennirnir munu hafa forðað sér.

Páll sagði, að sig minnti, að í hlaupinu, sem stefnandi slasaðist í, hefðu tekið þátt 3—4 hestar, líklega 3. Ekki mundi Páll, hvar á hlaupabrautinni stefnandi var á sínum hesti, en minnti, að hún hefði verið á miðri brautinni. Kaðallinn hafi verið nokkuð sver, gamall, en ófúinn, svona gráhvítur að lit. Á kaðlinum hafi hvorki verið veifur né merki.

Stefnandi hafi verið talinn góður knapi, eða ekki sagðist Páll vita til annars. Páll sagði, að eftirtaldir menn hefðu staðið ásamt honum við kaðalinn í hlaupinu, þá er stefnandi slasaðist: Pétur Guðmundsson, Sigurjón Jakobsson, Guðmundur Þorsteinsson og Oddur Eysteinnsson, sem nú er látinn.

Fyrir dómi bar Pétur Guðmundsson verkamaður, að hann væri félagsmaður í Hestamannafélaginu Fáki og hafi hann nokkrum sinnum verið hlaupgæslumaður á kappreiðum. Pétur sagðist muna eftir því, þá er stefnandi féll af baki í kappreiðum og slasaðist. Ekki mundi Pétur, hvaða ár þetta var, en minnti, að slys þetta hafi orðið í 800 m hlaupi.

Pétur sagðist muna örugglega eftir því, að hann hafi staðið við kaðalinn, sem strengdur var yfir þvera braut, til að beina hestum inn í hringinn. Pétur sagðist ekki muna, hve margir menn það voru, sem stóðu við kaðalinn, en sagðist geta trúað, að þeir hafi verið 5 eða 6. Pétur sagðist ekki geta sagt um það, hvort kað-

allinn hafi verið festur í báða enda við staura eða hvort menn héldu í endana, en að minnsta kosti hafi mennirnir haldið kaðlinum upp við miðjuna og hafi mennirnir haldið kaðlinum fyrir framan sig. Vitnið man ekki eftir því, að nokkur mannanna hafi dottið.

Athygli Péturs var vakin á því, að 3 vitni hafi borið, að inni í hringnum hafi bara verið einn maður, en Pétur treysti sér samt til að fullyrða, að þeir hafi verið 5 eða 6, sem stóðu fyrir innan kaðalinn. Pétur hélt, að í önnur skipti hafi í sams konar hlaupi á þessum skeiðvelli staðið við kaðalinn 5—8 menn. Ekki mundi Pétur, hve breið hlaupabrautin var. Pétur mundi ekki, hve margir hestar tóku þátt í hlaupi því, sem stefnandi slasaðist í. Pétur minnti, að hestur stefnanda hafi verið annar til vinstri á hlaupabrautinni. Hesturinn, sem stefnandi var á, hafi verið erfiður við hlaupin. Stefnandi hafi verið talinn mjög góður knapi.

Pétur mundi ekki eftir því, að mennirnir, sem stóðu við kaðalinn, hafi hlaupið í burtu, en taldi líklegt, að þegar hesturinn kom að kaðlinum, þá hafi mennirnir vikið sér undan, en sagðist ekki muna þetta, en það væri staðreynd, að hesturinn hafi dottið um kaðalinn.

Fyrir dómi bar Sigurjón Jakobsson verkamaður, að hann væri félagsmaður í Hestamannafélaginu Fáki og hafi hann starfað sem hlaupgæslumaður á kappreiðum Fáks, þar á meðal 26. maí 1969. Sigurjón sagðist muna eftir því, þá er stefnandi féll af baki á þeim kappreiðum. Sigurjón sagði, að sig minnti, að hann hafi staðið við enda hringins og hafi hann staðið þar með öðrum manni austan við beinu brautina og hafi hlutverk þeirra verið að halda kaðli fyrir austurenda hringins og opna leiðina, þá er hestarnir kæmu úr hringnum. Beinu brautinni hafi á þessum stað verið lokað með kaðli, strengdum á milli tveggja staura, bundnum í báða enda.

Sigurjón sýndi riss af staðháttum, og kom það saman við uppdráttinn á dskj. nr. 11.

Sigurjón sagðist ekki muna, hvort mennirnir, sem stóðu við kaðalinn, voru fyrir framan eða aftan kaðalinn og ekki heldur hve margir þeir voru, en sagði, að hlaupgæslumenn hafi almennt verið sex, en oft hafi verið þarna sjálfboðaliðar líka. Sigurjón minnti, að tveir af hlaupgæslumönnum hafi staðið hjá honum. Ekki mundi Sigurjón, hversu margir hestar tóku þátt í þessu hlaupi, og ekki heldur, hvar í röðinni hestur stefnanda var. Sigurjón sagðist muna, að hesturinn þvældist í kaðlinum og datt, en

man ekki, hvort kaðallinn slitnaði. Hann minnti, að mennirnir, sem stóðu við kaðalinn, hefðu forðað sér, þá er hesturinn kom á kaðalinn.

Almennt hafi við sams konar hlaup og stefnandi slasaðist í verið nokkrir menn, en ekki þannig, að menn stæðu þétt saman. Sigurjón sagðist ekki muna eftir því, að í þetta skipti hafi fyrirkomulag verið á nokkurn hátt öðru vísi en í öðrum 800 m hlaupum, sem fram fóru á sama skeiðvelli. Sigurjón hélt, að stefnandi hafi verið talinn ágætur knapi. Hann sagðist hafa heyrt talað um, að hestur stefnanda hafi getað verið nokkuð brellinn.

Hinn 15. maí sl. kom fyrrverandi formaður stefnda, Sveinbjörn Dagfinnsson, fyrir dóm að nýju. Sveinbirni var kynnt það, sem fram kom í yfirheyrslum 2. apríl sl. um, að aðeins hafi verið einn maður nálægt kaðlinum, sem strengdur var yfir beinu brautina. Sveinbjörn sagðist hafa horft á hlaupið frá dómþalli eða í um það bil 300 m fjarlægð, en hann myndi eftir því, að við kaðalinn, sem strengdur var þvert yfir brautina, hafi staðið nokkrir menn, en hann mundi ekki, hversu margir þeir voru. Sveinbjörn tók fram, að áður en hlaupið byrjaði, hafi verið kallað upp í dómþalli, hvort brautin væri klár, og hafi Sveinbjörn verið einn af þeim, sem litið hafi út eftir brautinni og séð, að allt var í lagi.

Sveinbjörn sagðist ekki muna, hve margir menn hafi staðið við kaðalinn í önnur skipti, sem 800 m hlaup fóru fram á þessum skeiðvelli. Það hafi verið í verkahring hlaupgæslumanna m. a. að standa við kaðalinn. Sveinbjörn taldi, að nóg hefði átt að vera að hafa strengdan kaðal, það að hafa menn líka hafi bara verið til frekara öryggis. Sveinbjörn mundi ekki, hversu margir tóku þátt í hlaupinu, sem stefnandi slasaðist í, en sagði, að þrátt fyrir að í skránni standi 4 hestar, þá geti þeir hafa verið færri á kappreiðunum.

Sveinbjörn tók fram, að í verkahring hlaupgæslumanna hafi aðallega verið að fylgjast með skeiði, en líka hafi verið í þeirra verkahring að standa við kaðalinn, en oft hafi það komið fyrir, að þarna inni á vellinum hafi verið fleiri menn, sem hafi þar hjálpað til við ýmislegt og m. a. staðið við kaðalinn. Sveinbjörn taldi þannig, að við kaðalinn gætu hafa verið fleiri eða aðrir en skráðir hlaupgæslumenn.

Hinn 2. desember sl. var filman á dskj. nr. 19 sýnd í réttinum. Viðstaddir sýningu þessa voru m. a. Guðmundur Þorsteinsson, Birgir Kristjánsson og Pétur Hjálmsón. Eftir sýningu filmunnar komu þessir menn fyrir dóm til yfirheyrslu.

Guðmundur Þorsteinsson bar, að hann hafi verið hlaupgæslumaður á kappreiðum Fáks, þá er stefnandi datt af baki og slasaðist. Guðmundur sagðist hafa staðið við vesturenda kaðalsins og hafi hann haldið í kaðalinn ásamt öðrum mönnum, sem hafi staðið til hliðar við hann og hafi þeir allir haldið kaðlinum uppi. Athygli Guðmundar var vakin á því, að filman, sem sýnd var í réttinum, hafi ekki sýnt nema einn mann við enda kaðalsins, enga meðfram honum, en tveir menn hafi verið töluvert fyrir innan kaðalinn inni í hringnum. Guðmundur hélt því samt fram, að þeir hefðu verið fimm og muni þeir hafa haft kaðalinn fyrir framan sig, þar sem þeir héldu kaðlinum uppi. Guðmundur sagði, að með honum við kaðalinn hafi verið Oddur Eysteinnsson, Pétur Ottesen eða Guðmundsson, Birgir Kristjánsson og Sigurjón Jakobsson, en hann hafi átt að opna leið fyrir hestana, þá er þeir komu úr hringnum. Guðmundur sagðist hafa staðið vestast af þessum mönnum.

Guðmundur tók fram, að stefnandi, sem var duglegur knapi, hafi, um leið og hesturinn stökk á bandið, rekið upp óp. Guðmundur taldi, að stefnandi hefði setið á hestinum öðru vísi en venjulegt sé og hélt, að hræðsla hafi gripið stefnanda, en stefnandi hafi verið góður knapi og vön hestum og þess vegna hafi þetta vakið furðu hans.

Pétur Hjálmsón bar, að hann hafi verið dómari á kappreiðunum, þegar stefnandi slasaðist. Pétur taldi sig hafa þekkt á filmunni Guðmund Þorsteinsson sem mann þann, er stóð við kaðalinn vestan megin.

Pétur sagðist oft hafa séð hest þann, sem stefnandi reið, þá er hún varð fyrir slysinu. Hesturinn sé óstýrilátur í starti og hafi oft þurft tvo til þrjá menn til að halda honum. Pétur sagðist ekki muna, hvort þessi hestur hafi áður hlaupið út úr braut, en muna eftir því, að á kappreiðum á Skógarhólum 1968 hafi stefnandi dottið af þessum sama hesti, í það skipti hafi slitnað gjörð á hnakknum. Það geti hafa orsakast af því, að hesturinn sé óstýrilátur. Verið geti, að stefnandi hafi, þá er hún slasaðist, verið hrædd við hestinn, og benti Pétur í því sambandi á það, hvernig filman sýndi, að stefnandi sat hestinn.

Pétur sagðist hafa verið á dómpalli, er slysið varð, og geti hann því ekki borið um þetta sem sjónarvottur að atburðinum, en taldi sig hafa séð, þá er filman á dskj. nr. 19 var sýnd, tvo menn við kaðalinn, Guðmund vestan megin og annan austan megin, báðir þessir menn munu hafa verið á brautinni. Við kaðalinn hafi hann

ekki séð aðra menn. Tveir menn hafi verið inni í hringnum fyrir aftan kaðalinn, og giskaði Pétur á, að þeir hafi verið 10—15 metra fyrir innan kaðalinn.

Birgir Kristjánsson bar, að hann hafi verið hlaupgæslumaður á kappreiðum Fáks 1969, og sagðist muna eftir því, að stefnandi datt af baki. Birgir sagðist hafa staðið við sama kaðal og Guðmundur Þorsteinsson, en austar. Birgir sagðist hafa séð, þá er hestarnir komu, þá hafi stefnandi enga tilraun gert til að beygja hestinum inn í hringinn, heldur hafi hesturinn stefnt beint á kaðalinn, og sagðist Birgir þá hafa forðað sér. Birgir sagðist hafa séð Guðmund Þorsteinsson á filmunni, sem sýnd var í réttinum fyrir yfirheyrsluna, en ekki sagðist Birgir hafa séð sjálfan sig. En sagðist munu hafa forðað sér, þegar hesturinn hafi átt ófarna að kaðlinum á að giska 3 metra. Það hafi verið rétt áður en hestur stefnanda lenti á kaðlinum sem vitnið hafi séð, að stefnandi gerði ekki tilraun til að beina hestinum inn í hringinn.

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar með því, að stefndi beri ábyrgð á tjóninu, þar sem aðbúnaði öllum á staðnum hafi verið mjög ábótavant. Orsök slyssins verði eingöngu rakin til ófullkomins útbúnaðar á staðnum og forráðamönnum stefnda verði einum um það kennt, enda hafi þeim verið um það kunnugt og hafi verið kvartað við þá og þeir lofað að bæta úr því, en ekki efnt.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram, að þegar litið væri til framburðar fyrirsvarsmanna stefnda um umbúnað á kappreiðum í 800 m hlaupi almennt og svo til framburðar stefnanda um umbúnað á þeim kappreiðum, þá er hún slasaðist, þá megi sjá, að umbúnaður hafi í þessu tilviki verið óforsvaranlegur, en stefndi, sem hafi selt aðgang að kappreiðunum, beri ábyrgð á því, að útbúnaður sé forsvaranlegur.

Jafnframt var því haldið fram, að ástæðan fyrir því, að hestur stefnanda hljóp á kaðalinn og stefnandi datt af baki, en ekki aðrir hestar, muni vera sú, að hestur stefnanda hafi verið lengst til hægri á brautinni.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að framburður stjórnarmanna og starfsmanna stefnda sýni, hvernig umbúnaður á skeiðvelli stefnda átti að vera í hlaupi því, sem stefnandi slasaðist í.

Filman á dskj. nr. 19 sýni, hvernig umbúnaði var háttað, en á filmunni sjáist, að við kaðalinn var bara einn maður. Filman sýni einnig, að málavaxtalýsing stefnanda sé rétt og jafnframt

að framburður vitnanna Guðmundar Sigurðssonar, Hauks Hjartarsonar og Sveins Þormóðssonar sé réttur.

Jafnframt var því haldið fram, að kaðallinn hafi verið festur í báða enda, en ekki haldið uppi til endanna af mönnum. Ef svo hefði verið, hefði kaðallinn dottið niður, þá er menn slepptu honum. Það hafi ekki skeð. Það sýni, að kaðlinum hafi verið fest.

Vanbúnaður á skeiðvellingum sé orsök slyssins, en á vanbúnaðinum beri stefndi ábyrgð. Vanbúnaðurinn á skeiðvellingum hafi verið tvenns konar, í stað þess að 6—8 menn röðuðu sér við kaðalinn hafi bara staðið 1 maður við kaðalinn og í stað þess að hafa kaðalinn lausan í annan endann hafi hann verið festur í báða enda.

Fyrirsvarsmönnum stefnda hafi borið að sjá til þess, að fyllstu öryggisráðstafanir væru viðhafðar. Þeir hafi mátt vita, að þessi umbúnaður var hættulegur. Engin atvik réttlæti hegðun fyrirsvarsmanna stefnda, þeir hafi haft þekkingu á því, sem fram fór, og nægur mannskapur hafi verið fyrir hendi.

Af hálfu stefnanda var því sérstaklega mótmælt, að Mannhelgisbálkur Jónsbókar eigi við í þessu tilviki. Regla sú, sem í Mannhelgisbálki felist, byggist á því, að slasaði hafi vitað um forsendur og tekið á sig áhættu. Stefnandi hafi ekki getað séð fyrir þá hættu, sem stafaði af ólögmætri háttsemi stefnda varðandi umbúnað á skeiðvellingum.

Stórkostlegt gáleysi stefnda felli niður reglur um eigin áhættu stefnanda.

Stefnandi hafi ekki getað séð umbúnað við kaðalinn í upphafi hlaups. Ósannað sé, að hestur stefnanda hafi verið ódæll og ekki látið að stjórn. Stefnandi hafi verið með þennan sama hest á kappreiðum á Hellu og Iðavöllum á árinu 1968, jafnframt hafi stefnandi verið með þennan hest í nokkra mánuði fyrir kappreiðarnar 29. maí 1969.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa rökstudd með því, að óhapp stefnanda verði ekki rakið til neinna atvika, er stefndi geti borið ábyrgð á. Því er sérstaklega mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að aðstæðum og búnaði á skeiðvellingum hafi í nokkru verið áfátt og að slysið verði rakið til þess. Því er haldið fram, að öll skilyrði skorti að bótarétti, til að stefnandi eigi rétt á fébótum úr hendi stefnda, þar sem hún hafi af fúsum og frjálsum vilja verið þátttakandi í íþróttakappleik og með því tekið á sig þá áhættu, er ætíð fylgi þátttöku í slíkum leik.

Orsök óhappsins verði alfarið rakin til gáleysis stefnanda sjálfs við reiðmennskuna svo og til eiginleika hestsins, sem hún hleypti

í keppninni, en ljóst sé, að hesturinn hafi látið illa að stjórn, en á því geti stefndi ekki borið ábyrgð. Í þessu sambandi er á það bent, að stefnandi hafi verið vön reiðmennsku og tamningu hesta, gerkunnug á skeiðvellingum og þekkt þar allar aðstæður og hafi því verið fullljós sú áhætta, er hún hafi tekið á sig með þátttöku í kappreiðum sem knapi, en það sé alvanalegt, að hestar detti og knapar falli af baki á kappreiðum af ýmsum ástæðum. Er jafnframt á það bent, að stefnandi hafi skömmu fyrir keppnina verið á æfingum á keppnisstað með sama hest, sem hafi á sama hátt hlaupið á kaðalinn og fallið með stefnanda, sem sloppið hafi við meiðsli í það sinn. Hafi hún eigi að síður tekið á sig þá áhættu að hleypa sama hestinum í keppninni við sömu aðstæður, en því sé mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að forráðamenn Fáks hafi lofað stefnanda, að umbúnaður við enda beinu brautarinnar yrði öðru vísi en gert var. Hafi stefnanda enda verið í lófa lagið og haft fyllsta tilefni til að kanna aðstæður á hlaupabrautinni fyrir keppnina með hliðsjón af fyrri reynslu og geti hún því ekki kennt öðrum en sjálfum sér um, hvernig fór.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að það hafi ekki verið nein ákveðin tala manna, sem hafi átt að vera við kaðalinn, sem lokaði beinu brautinni. Ætlunin hafi ekki verið, að menn þessir mynduðu hindrun, heldur muni mennirnir hafa átt að vekja athygli á kaðlinum, en ekki hindra hesta í að hlaupa á kaðalinn. Í sjálfu sér hefði kaðallinn átt að vera nægjanlegur. Í kappreiðum sé til þess ætlast, að knapar stjórni hestum sínum.

Af hálfu stefnda var vakin athygli á því, að filman á dskj. nr. 19 sýni ekki endann á kaðlinum vestan megin. Filman sýni ekki, hvernig ástandið við kaðalinn hafi verið í upphafi hlaups, og sé því ekki rétt að álíta, að menn hafi borið rangt fyrir dómi. Mennirnir muni hafa forðað sér, þegar hesturinn stökk að þeim. Óupp lýst sé, hvort kaðallinn hafi verið strengdur á milli tveggja staura eða ekki. Filman sýni, að kaðallinn hafi ekki verið mikið strengdur.

Ósannað sé, að umbúnaður á skeiðvellingum hafi verið öðru vísi en venja sé, og geti stefnandi ekki byggt kröfur á breyttum búnaði á skeiðvellingum. Hesturinn hafi tekið stjórnina af stefnanda og hlaupið beint áfram, þegar hann átti að beygja. Annað hvort hafi þarna komið til mistök stefnanda eða eðliseigindir hestsins. Fram hafi komið í yfirheyrslum, að hestur stefnanda hafi verið baldinn. Einnig geti þarna verið um að ræða öryggisleysi stefna-

anda, en filman á dskj. nr. 19 sýni, að stefnandi hafi ekki reynt að stjórna hestinum. Stefnandi hafi gerþekkt skeiðvöll stefnda, einnig hafi hún þekkt hestinn, samt hafi hún tekið þá áhættu að hleypa hestinum fyrir eiganda hans og fyrir það hafi hún fengið laun hjá eiganda hestsins.

Stefndi sé áhugamannafélag og sé enginn skyldur til að taka þátt í kappreiðum. Selt sé inn á kappreiðar stefnda, en kappreiðar séu ekki haldnar í gróðaskyni. Óeðlilegt sé, að sá, sem hefur umsjón með skeiðvelli, geti tekið á sig ábyrgð á hegðun hesta. Stefnandi hafi með þátttöku sinni tekið á sig ábyrgð á því, sem af því kynni að hljótask, sbr. 13. kafla Jónsbókar.

Af framburði fyrirsvarsmanna stefnda verður ráðið, að í þau skipti, sem fram hafði farið keppni í 800 m hlaupi á skeiðvelli stefnda við Elliðaár á kappreiðum fyrir 26. maí 1969, hafi fyrirkomulag við hlaupið verið með sama hætti. Mun svo einnig hafa verið í þau skipti, sem kappreiðar stefnda fóru fram á skeiðvelli stefnda við Elliðaár eftir 26. maí 1969. Hlaupinu mun hafa verið hagað þannig, að hlaupið var fyrst frá suðri til norðurs eftir beinni braut á skeiðvellingnum, síðan var beygt af beinu brautinni til vesturs og hlaupið í hring og svo suður beinu brautina. Þar sem hestarnir áttu að beygja af beinu brautinni í hringinn, var beinu brautinni lokað með kaðli, en við kaðalinn var raðað nokkrum mönnum. Ekki er alveg ljóst, hve margir þessir menn hafi almennt verið, en samkvæmt framburði formanns stefnda þá var of lítið að hafa við kaðalinn 4 eða 5 menn.

Þetta fyrirkomulag mun hafa átt að vera á kappreiðunum 26. maí 1969, og mátti stefnandi reikna með því, að umbúnaður í þessu hlaupi væri eins og að ofan hefur verið lýst.

Á filmunni á dskj. nr. 19 má sjá, hvernig umbúnaður var, þá er stefnandi varð fyrir slysinu. Filman sýnir, að tvöfaldur kaðall var strengdur þvert yfir beinu brautina, og virtist hann vera festur í staur báðum megin, þó er það ekki alveg ljóst af filmunni, en þar sést a. m. k., að kaðallinn var festur í staur vestan megin. Við kaðalinn vestan megin stóð einn maður, sem hélt kaðlinum uppi, en hann var ekki við enda kaðalsins. Aðrir menn voru ekki sjáanlegir við kaðalinn, en rétt áður en hesturinn flæktist í kaðlinum, þá sást einn maður koma gangandi að kaðlinum austan megin. Töluvert fyrir aftan kaðalinn inni í hringnum voru tveir menn, sem stóðu nálægt hvor öðrum. Á filmunni sást, að annar þessara manna stóð fyrir aftan hringbrautina, þannig að hann gekk ekki til stefnanda fyrr en hinir hestarnir tveir höfðu hlaupið

meira en hálfan hringinn, en þá hafa þessir menn verið í á að giska 100—150 m fjarlægð frá kaðlinum, sbr. dskj. nr. 11. Í hlaupi því, sem stefnandi slasaðist, tóku þátt þrír hestar, og var hestur stefnanda lengst til hægri (austurs) á brautinni. Hestarnir þrír hlupu nokkuð jafnt eftir beinu brautinni, en þegar þeir nálgudust hringinn, beygðu tveir hestanna, en hestur stefnanda hljóp beint áfram að kaðlinum. Þegar hesturinn var kominn að kaðlinum, gerði hann tilraun til að stökkva yfir kaðalinn, en flæktist í honum og datt, og stefnandi steypist af hestinum.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að meginástæðan fyrir því, að hestur stefnanda stökk beint áfram, hafi verið, að hesturinn hafi ekki séð kaðalinn fyrr en of seint. Hestar séu nærsýnir og sjái þeir mun óskýrar framundan sér heldur en fólk. Hefðu nokkrir menn raðað sér við kaðalinn, þá hefði hesturinn fyrr áttað sig. Filman á dskj. 19 sýni, að hesturinn reyndi að stökkva yfir kaðalinn. Það sýni aftur, að hesturinn hafi ekki verið trylltur, þannig að hann stykki á hvað sem fyrir var.

Umbúnaður á skeiðvelli stefnda á kappreiðunum 1969 var á ábyrgð stefnda. Frávik frá þeim umbúnaði, sem fyrirsvarsmenn stefnda töldu eðlilegan og forsvaranlegan og var viðhafður í sams konar hlaupi á kappreiðum stefnda bæði þeim, sem fram fóru fyrir og eftir slys stefnanda, eru á ábyrgð stefnda. Fram er komið, að stefnandi gat ekki í upphafi hlaups séð umbúnað við kaðalinn og þar af leiðandi ekki vitað, að honum hafði verið breytt.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir verða að leggja á stefnda fébótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna slyssins. Þykir eigi skipta máli í því sambandi, að kappreiðar stefnda voru ekki haldnar í fjáröflunarskyni. Hins vegar verður að telja, að stefnandi hafi með þátttöku sinni í kappreiðunum tekið á sig nokkra áhættu. Hinir hestarnir tveir beygðu af beinu brautinni í hringinn þrátt fyrir annmarka á umbúnaði við kaðalinn. Hér er reyndar á það að líta, að vegna þess að stefnandi og hestur hennar voru lengst til hægri, þá lentu þau næst kaðlinum. Telja verður, að það, sem fram hefur verið haldið af stefnda hálfu um eðlis-eigindir hestsins, sé örökstutt. Hinir sérfróðu meðdómendur segja, að það, að hnakkgjörð slitni á stökki, verði ekki fyrir neinar eðlis-eigindir hesta. En stefnandi vissi, að í hlaupi þessu átti að beygja af beinu brautinni og í hringinn. Þykir stefnandi því eiga sjálf að bera að hluta ábyrgð á tjóni því, sem húh varð fyrir.

Eftir atvikum þykir rétt að leggja á stefnda fébótaábyrgð á 3/4 af tjóni stefnanda, en stefnandi beri sjálf 1/4 af tjóni sínu.

Verður nú tekin afstaða til dómkröfu stefnanda, en hún er þannig **sundurliðuð**:

1. Örorkutjón samtals	kr. 872.730
2. Útlagt:	
a. Ljósmyndir skv. reikn. 24/5 1972 ..	kr. 1.199
b. Reikn. Páls Sigurðss. 8/12 1970	— 3.500
c. Reikn. Þóris Bergss. 19/1 1971	— 4.500
d. Reikn. Þóris Bergss. 17/5 1972	— 3.500
e. Reikn. Þóris Bergss. 19/3 1973	— 3.500 — 16.199
3. Miskabætur	— 500.000

Samtals kr. 1.388.929

Um 1 og 3. Eftir atvikum þykir rétt að fjalla í einu lagi um þessa tvo liði í dómkröfu stefnanda. Strax eftir slysið var stefnandi flutt á slysavarðstofuna. Hafði hún brotnað á vinstri úlnlið og hlotið áverka í andliti. Í málinu hafa verið lögð fram læknisvottorð og örorkumat, gert af Páli Sigurðssyni lækni, dags. 7. desember 1970. Í örorkumatinu segir svo:

„Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, þá varð þessi kona fyrir slysi hinn 26/5 1969. Slysið varð með þeim hætti, að hún var knapi á kappreiðum, en féll af baki og fékk áverka á höfuð og vinstri handlim.

Slasaða var flutt á slysavarðstofuna, og það liggur fyrir vottorð frá Tryggva Þorsteinssyni, lækni, dags. 26. okt. '69, þar sem eru rakin tildrög slyssins og meðferð á Slysavarðstofu. Það vottorð er svohljóðandi:

„Þann 26/5 1969, kl. 16.45, var komið með Kolbrúnu Kristjánsdóttur, til heimilis Skálagerði 5, Reykjavík, hingað á Slysadeild Borgarspítalans vegna meiðsla, er hún hafði hlotið við starf sitt sem „knapi“ við kappreiðar. Var Kolbrún flutt hingað í sjúkrahúsið. Hafði Kolbrún dottið af baki og komið niður á höfuð og andlit, en einnig meitt sig í vinstri hendi og úlnlið. Við komuna hingað taldi Kolbrún sig ekki hafa misst meðvitund, en fannst hún hafa „vankast“ og hafði höfuðverk. Ekki voru uppköst né ógleði.

Skoðun. Undirhúðarblæðing (subcut hæmatom) var vinstra megin á enni, en húð var þar heil. Bólga var talsverð á vinstra úlnlið og mikil eymsli við hreyfingar. Neðri vör var mikið bólgin. Sár var innan á vörinni mjög óhreint. Tannhold var rífið frá tönnum í neðri góm.

Teknar voru Rtg.myndir af höfuðkúpu, sem sýndu engin brot í kúpubeinum né andlitsbeinum. Rtg.mynd af hálsliðum sýndi ekki brot né instabilitet. Rtg.mynd af vinstra úlnlið sýndi comminut brot gegnum dist. radiusendann, en auk þess intraarticulert brot framan til gegnum proc. styloid radii. Var um lítilsháttar skekkju að ræða í brotinu ásamt með stallmyndun í liðfleti.

Gert var að brotinu og sár í munni hreinsað. Gefið var anti-biotica og ráðlögð hvíld heima vegna höfuðáverkans.

Við eftirlit þ. 30. 5. kvartaði Kolbrún um þrautir í mjóbaki. Voru þá teknar Rtg.myndir af lumballiðum, sem ekki sýndu nein merki um brot eða önnur meiðsl, aftur á móti kom í ljós óvenjuleg hryggskekkja. Settar voru nýjar gipsumbúðir á vinstri fram-handlegg og ráðlögð hvíld áfram.

Við eftirlit þ. 9. 6. var bólgan að hverfa af hendi. Þyngsli voru yfir höfði. Þann 18. 6. var tekin Rtg. control af úlnlið, sem sýndi óbreytta brotstöðu, en engan callus. Kolbrún kvartaði enn um verki í mjóbaki.

Kolbrún hefur gengið til eftirlits hingað síðan. Gipsumbúðir voru teknar þ. 2. 7. og byrjað með activar æfingar. Þann 16. 7. var Kolbrún sett í æfingameðferð á Háaleitisbraut. Voru hreyfingar stíðar í fingrum og úlnlið. Hún kvartaði enn fremur af og til um verki og þyngsli í höfði, einnig um minnisleysi og minnkaða koncentrationshæfileika, fannst hún líka vera kjarklaus og lin í sér.

Við eftirlit þ. 15. 9. voru hreyfingar miklu betri í úlnliðum og callusþyknið, sem fannst svarandi til brots, hafði minnkað. Þröttur í fingrinum var betri, þótt enn vantaði mikið upp á sambærilegan mátt og í hægri hendi.

Síðast kom Klobrún hingað þ. 13. 10. Vantaði 30° upp á fulla volar-flexion. Pro-supination lítið eitt hindruð. Hún kvaðst finna til í úlnlið og hendi við átök og þreytast mjög fljótt. Er áfram í æfingameðferð. Telur sig vera minnislaus og miklu verri en áður en hún fékk höfuðhöggið. Einnig á hún mjög erfitt með að beita sér. Höfuðverkur og svimi er alveg horfinn. Treystir sér ekki til að temja hesta né fást við þá eins og áður. Bæði er hún kjarklaus, en svo fær hún verki í höndina við átök og finnst hún ekki geta treyst á hana. Við skoðun lítur höndin vel út.

Þótt Kolbrún hafi ekki misst meðvitund, hefur hún vafalaust fengið heilahristing og til skamms tíma haft einkenni um hann. Hvað snertir handleggsbrotið, sem var að vísu slæmt, þar sem um brot gegnum liðflöt var að ræða, álit ég, að hún muni ná sér

alveg af því á næstu 6—8 vikum, hvað snertir hreyfingar og kraft í fingrum. Vera má að hún verði áfram eitthvað hindruð í úlnliðs-hreyfingum, en það þyrfti ekki endilega að verða henni til hindrunar við vinnu sína.“

Annað vottorð liggur fyrir frá Tryggva Þorsteinssyni, dags. 9. marz 1970. Það vottorð er svohljóðandi:

„Viðbótarvottorð fyrir Kolbrúnu Kristjánsdóttur, Skálagerði 5, Reykjavík.

Síðan áverkavottorðið var skrifað fyrir Kolbrúnu, hefur hún nokkrum sinnum komið hingað á Slysadeild Borgarspítalans, og hef ég undirritaður fylgst með henni. Einkenni frá höfði eru horfin. Klinískt lítur vinstri hönd vel út. Úlnliðurinn er lítið eitt gildari en sá hægri, en ekki er um sýnilega skekkju að ræða. Nokkuð vantar á fulla beygingu (volar flexion), en aðrar hreyfingar mega heita eðlilegar. Fingur líta líka vel út, hvorki er á þeim bjúgur né bólga, og húð er eðlileg. Fingurhreyfingar eru ekki hindraðar. Kraftar í hendi og fingrum eru þó greinilega minnkaðir og áberandi minni en hægra megin. Vindingur í handlegg (prosupination) er sársaukafullur.

Rtg.rannsókn leiðir í ljós, að brotið er gróið, og má brotstaða kallast góð eftir atvikum. Á hinn bóginn var brotið inn í liðflöt radius (Smiths fract.) og lítils háttar stall-myndun í liðfletinum. Óhjákvæmilegt er því, að einkenni komi frá þessum lið sem arthrosa og lýsir sér einkum í verkjum.

Aðalkvartanir Kolbrúnar eru líka verkir í úlnlið við átök. Þessir verkir valda því, að hún verður þróttlaus til allra átaka og hrædd við að beita hendinni við erfiðisvinnu. Aðalstarf Kolbrúnar hefur verið mjög átakamikið. Hefur hún gert nokkrar tilraunir til að hefja sína gömlu vinnu, en telur það útilokað vegna sársauka. Hefur Kolbrún ekkert getað fengizt við sín fyrri störf hjá „Fák“ frá því að hún slasaðist. Tel ég vafasamt, að hún geti það í náinni framtíð.“

Konan hefur einnig verið til rannsóknar hjá sérfræðingi í heila- og taugasjúkdómum, Ásgeiri Ellertssyni, og það liggur fyrir vottorð hans, dags. 30/10 1970, og er það vottorð svohljóðandi:

„Ofan nefnd kona var skoðuð af mér neurologískt í júlímán. 1970. Frá því í kringum 1955 hefur hún átt við höfuðverk að stríða, að jafnaði tekið magnyltbl. Haustið 1968 ca. 2—3 tbl. 2—3svar á dag. Í kringum 1960 frekar slæm af þessum verk. Í kringum 1962 mikil spennu og kvíði í sambandi við hjónabandsörðugleika svo og vegna veiks barns, sem hún á. Var þá í með-

höndlun hjá geðlækni. Á tímabilinu 1964—1968 var liðanin nokkuð góð, en haustið 1968 á ný ýmsir erfiðleikar í sambandi við þetta, kviði, óróleiki, vanstilling á skapi, hræðslutilfinning, grát-köst og stundum svefnörðugleikar. Á tímabilinu 13. 11. 1968 til 10. 1. 1969 á geðdeild Borgarspítalans undir diagnosunni depressio reaktiva.

Þ. 26. 5. 1969 var konan að hleypa hesti sínum á kappreiðum. Klárinn stökk á kaðal og féll, og við það skutlaðist konan fram af hestinum, kom niður á andlit, missti meðvitund í um það bil 4—5 mín. Vildi sjálf standa upp og fara á bak á nýjan leik, en minnst þess ekki sjálf. Hefur nokkrar augnabliksminnismyndir frá skeiðvellingum og á leiðinni í sjúkrabíl, en man annars ekkert fyrr en hún kom á Slysavarðstofuna í Reykjavík. Hún segir, að hún hafi brotið v. úlnlið. Skv. upplýsingum frá Borgarspítalanum var rtg. cranium eðlil. Rtg. col. cercicalis eðlil. Rtg. v. úlnlið: Comminut brot gegnum radius endann og intraarticulert brot framan til gegnum processusstyloid radii. Brot sj. var lagfært og hún send heim. Við heimkomuna fann hún fyrir nokkurri ógleði, engin uppköst, lá í nokkra daga við alm. vanlíðan, en hresstist smátt og smátt. Vegna stirðleika og verkja í vinstri handlegg var hún send í æfingar í Æfingastöð lamaðra og fatlaðra. Hafði um þessar mundir engan sérstakan höfuðverk. Í ágústmán. 1969 fór hún að þjást af höfuðverk í vax. mæli, ennfremur fór hún að finna fyrir öðrum óþægindum.

Kvartanir sjúklings nú:

1. Höfuðverkur eins og strengur eða þyngsli í enni, sérstaklega þegar hún er þreytt. Einnig kvalaverkur í hnakka eins og eitt-hvað sé laust í hnakkanum. Getur fundið fyrir þessum verk í 1—2 daga, en er nokkuð góð á milli.

2. Minnisleysi: Sérstaklega finnst henni nærminnið vera orðið lélegt. Á erfitt með að muna t. d. símanúmer svo og nöfn.

3. Svimi, þegar hún hefur höfuðverkin, er þá eins og móða fyrir augunum og máttleysi í öllum líkamanum.

4. Hjartsláttarköst öðru hverju, sérstaklega á kvöldin og einnig hræðslutilfinning og mikil spennu.

5. Svefnleysi — á erfitt með að sofna og hefur orðið að nota svefntbl.

6. Verkur í v. úlnlið við átök og stundum endranær.

Neurolog status (í júlímán. '70): Eðlilegur. Aumir hnakkavöðv-
ar palperast bilat. sérstakl. vöðvafesturnar regiones occipitales.

Um það bil 20 gráður vantar á fulla flexion í v. úlnlið (aktiv og passivt), kvartar einnig um verk í úlnliðnum við hreyfingu.

Niðurstaða: Þessi kona hefur langa höfuðverkjaramnesu og hefur haft psychoneurotisk eink. s.l. 8 ár. Í maímánuði 1969 commotio cerebri og fractura radii sin. Hreyfingarhindrunin í vinstri úlnlið er bein afleiðing ofanefnds brots. Höfuðverkur sj. er af spenningsgerð og aðrar kvartanir psychoneurotiskar. Engin merki um skemmd, hvorki í centrala- né perifæra taugakerfinu og ekkert samband á milli kvartana sjúklings og áðurnefnds höfuðhöggs.“

Síðan vottorð Tryggva Þorsteinssonar var skrifað hefur konan verið í röntgenskoðun á Borgarspítala, og liggur fyrir umsögn um þá skoðun. Umsögnin er svohljóðandi:

„V. úlnliður: Það er status eftir Smith's fracturu skv. rtg.-myndum 26/5 1969. Fracturan telst nú gróin. Í ant.pst. plani sést, að það hefur orðið 5 mm stytting á radius, og er compressionin mest radialt. Þannig myndar nú lína, sem dregin er milli endanna á proc. styl. radii og proc. styl. ulnae 90° horn miðað við langás beinsins, en normalt er talið, að þetta horn sé 100—105°. Jafnframt er veruleg compression í sjálfan liðflötinn á radius, sem er áberandi íbjúgur, og 1 cm frá dorsölu brún beinsins sést rof í liðflötinn ásamt stallmyndun, sem nemur 1 mm. Jafnframt eru litlar osteoarthrotiskar nabbmyndanir bæði volart og dorsalt við radiusliðflötinn. Í hliðarplani sést, að það er veruleg breikkun á distala radiusendanum, en liðflatarstefnan í hliðarplani er 80° miðað við langás beinsins, en normalt er talið 75—78° horn í þessum liðfleti. Væg úrkölkun er radialt og volart í distala radiusendanum, en annars staðar virðist beingerð eðlileg.“

Konan hefur komið til viðtals hjá undirrituðum og er núverandi ástand í samræmi við það, sem þegar hefur komið fram í vottorðum hér að framan.

Ályktun: Hér er um að ræða 33ja ára gamla konu, sem slasaðist, er hún féll af hestbaki fyrir um það bil einu og hálfu ári. Við slysið þá hlaut hún höfuðhögg og brot á vinstri handlim. Hún var til meðferðar á Slysavarðstofu, og samkvæmt vottorðum þá er hún talin hafa fengið heilahristing og mjög slæmt brot um vinstri úlnlið, og gekk brotið gegnum liðflöt sveifar.

Fyrir slysið þá var konan höfuðverkjagjörn og hafði haft psychoneurotisk einkenni um nokkurra ára bil og hefur hvortveggja fremur ágerzt eftir slysið. Hún hefur veruleg óþægindi í úlnlið og háir það henni mjög við störf.

Sennilegt er, að um verði að ræða verulegar slitbreytingar í úlnliðnum, er fram líða stundir.

Vegna slyssins verður að telja, að konan hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 2 mánuði	100%	örorka
Í 2 mánuði	75%	—
Í 3 mánuði	50%	—
Í 3 mánuði	25%	—
og síðan varanleg örorka 15%.		

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Þórir Bergsson, cand. act., reiknað út örorkutjón stefnanda. Fyrsti tjónsútreikningur Þóris Bergssonar er dags. 19. janúar 1971, en þar segir svo:

„Slysið.

Kolbrún Kristjánsdóttir slasaðist, þegar hún kastaðist af hestbaki þann 26. maí 1969. Hún var þá knapi á kappreiðum. Hún fékk heilahristing og brotnaði illa á vinstri úlnlið.

Örorkumat.

Páll Sigurðsson, fyrrv. tryggingayfirlæknir, hefur í örorkumati, dags. 7. des. 1970, metið orkumissi Kolbrúnar vegna þessa slyss þannig:

„Í 2 mánuði	100%	örorka
Í 2 mánuði	75%	—
Í 3 mánuði	50%	—
Í 3 mánuði	25%	—
og síðan varanleg örorka 15%.		

Aldur.

Kolbrún er sögð fædd 15. sept. 1937 og hefur því verið 31 árs á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Þegar slysið varð, var Kolbrún húsmóðir, og voru í heimili hennar, auk hennar og manns hennar, Ingvars Kolbeins Ingvarssonar, þrjú börn, er hún átti frá fyrra hjónabandi:

Jón Rúnar Einarsson: fæddur 3. 11. 1955

Herdís Einarsdóttir: fædd 29. 5. 1959 og

Aðalheiður S. Einarsdóttir: fædd 5. 8. 1960.

svo og eitt barn þeirra hjóna:

Kristján Þór Ingvarsson: fæddur 28. 10. 1965.

Auk þess á Kolbrún eitt barn enn af fyrra hjónabandi

Önnu Einarsdóttur: fædda 11. 8. 1957,
sem dvelur á Kópavogshælinu.

Samkvæmt staðfestum ljósritum af skattframtölum Kolbrúnar árin 1967—1969 hafa vinnutekjur hennar fyrir vinnu utan heimilis verið þrjú síðustu almanaksárin fyrir slysið:

Árið 1966 kr. 0

Árið 1967 — 61.074.00

Árið 1968 — 64.403.00

Tekna þessara hefur hún aflað sem reiðkennari og tamningarmaður, einnig sem iðnverkakona hjá þurrhreinsuninni Snögg. Þó eru kr. 4.010.00 fengnar árið 1968 fyrir fiskvinnu hjá Ingimundi h/f.

Frá því að slysið varð hafa Kolbrún og Ingvar slitið samvistum, og heldur hún nú heimili með fjórum börnum sínum og hefur jafnframt hafið störf sem afgreiðslustúlka í verzlun.

Skattframtal Ingvars árið 1970 sýnir, að vinnutekjur Kolbrúnar slysárið (1969) hafa verið kr. 20.000.00, greitt af Hestamannafélaginu Faki.

Ég mun hér skipta útreikningi í tvo liði. Í fyrsta lagi vegna starfa utan heimilis og í öðru lagi vegna heimilisstarfa.

I. Störf utan heimilis.

Ég mun nota skattframtalstekjur Kolbrúnar fyrir vinnu utan heimilis árin 1966—1968 og umreikna þær til kauplags á slysdagi og síðan samkvæmt breytingum á taxta Iðju. Að vísu er allra þessara tekna ekki aflað á taxta Iðju. En enginn sérstakur taxti er til fyrir vinnu við tamningu og reiðkennslu. Allir launataxtar hafa hækkað mikið á þessu tímabili, einstaka mun meira en Iðjutaxtar, en flestir ámóta.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 15% af áætluðum vinnutekjum, en tímabundna tapið sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um að frádregnum 15%:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap v/tímab. ör.:	v/varanl. ör.:
1. árið eftir slysið	kr. 64.392.00	kr. 22.312.00	kr. 9.659.00
2. árið eftir slysið	— 81.207.00		— 12.181.00
síðan árlega	— 82.621.00		— 12.393.00

II. Heimilisstörf.

Eins og áður segir, voru, þegar slysið varð, á heimilinu auk þeirra hjóna fjögur börn.

Ég áætla venjulega húsmæðrum á meðalstóru heimili (þ. e. hjón og tvö börn) dagvinnutekjur samkvæmt Iðjutaxta. Fyrir hvert barn umfram tvö hækka ég þær tekjur um 10%.

Þannig áætlaðar vinnutekjur verða eins og næsta tafla sýnir, svo og vinnutekjutap áætlað á sama hátt og í lið I:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap v/tímab. ör.: v/varanl. ör.:	
1. árið eftir slysið	kr. 175.435.00	kr. 60.788.00	kr. 26.315.00
2. árið eftir slysið	— 221.249.00		— 33.187.00
síðan árlega	— 225.101.00		— 33.765.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti framangreinds vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

	II.	I.
Vegna tímabundinnar örorku	kr. 58.714.00	kr. 21.551.00
Vegna varanlegrar örorku	— 421.280.00	— 154.626.00
Samtals	kr. 479.994.00	kr. 176.177.00

Frádráttur.

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Athugasemd.

Við áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps er miðað við ástandið eins og það var á slysdegi og notaðar vinnutekjur þriggja heilu almanaksáranna fyrir slysið, þar með talið árið 1966, sem var tekjulaust fyrir vinnu utan heimilis. Hinsvegar er reiknað með heimili, sem er 20% stærra en meðalheimili til frambúðar, en eins og áður segir, slitu þau Kolbrún og Ingvar samvistum árið 1970.

Þegar börnin eldast, batnar að líkum aðstaða Kolbrúnar til að starfa utan heimilis. Hún er þó það ung, að fyrir hendi eru líkur á giftingu aftur og fjölgun barna. Samkvæmt framangreindum útreikningi er þá sennilega liður I vanáætlaður og liður II ofáætlaður. Ég sé þó ekki aðra haldbetri leið til áætlunar vinnutekna en að miða við ástandið eins og það var á slysdegi.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu áráanna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.“

Hinn 17. maí 1972 reiknaði Þórir Bergsson örorkutjón stefnanda að nýju og svo aftur 19. mars 1973. Hinn 5. sept. 1974 reiknaði Þórir Bergsson enn örorkutjón stefnanda. Í þeim útreikningi segir svo:

„Þrívégis áður hef ég reiknað út örorkutjón Kolbrúnar, síðast með útreikningi, dagsettum 19. marz 1973. Síðan hafa Iðjutaxtar hækkað mjög mikið, bæði vegna vísitölubreytinga og kaupsamninga frá 26. febrúar 1974. Hinsvegar hækkuðu vextir, sem dómstólar leggja til grundvallar við ákvörðun bóta, úr 7% p. a. í 9% þann 16. maí 1973. Vegna þessa verður að reikna tjón Kolbrúnar alveg að nýju.

Niðurstöður útreikninga minna verða nú eftirfarandi, og er þá tekið tillit til umsaminna taxtahækkana, sem koma til framkvæmda 1. desember 1974 og 1. júní 1975.

I. Störf utan heimilis.

Ný áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps verður:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 64.392.00	kr. 22.312.00	kr. 9.659.00
2. — — —	— 81.207.00		— 12.181.00
3. — — —	— 88.742.00		— 13.311.00
4. — — —	— 111.780.00		— 16.767.00
5. — — —	— 148.741.00		— 22.311.00
6. — — —	— 186.684.00		— 28.003.00
Síðan árlega	— 195.130.00		— 29.270.00

II. Heimilisstörf.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps verður:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 175.435.00	kr. 60.788.00	kr. 26.315.00
2. — — —	— 221.249.00		— 33.187.00
3. — — —	— 241.776.00		— 36.266.00
4. — — —	— 304.544.00		— 45.682.00

5. — — — —	405.244.00	kr. 60.787.00
6. — — — —	508.620.00	— 76.293.00
Síðan árlega	— 531.629.00	— 79.744.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

	Áætlun I: Störf utan heimilis:	Áætlun II: Heimils- störf:
Vegna tímabundinnar örorku	kr. 21.551.00	kr. 58.714.00
Vegna varanlegrar örorku	— 256.258.00	— 698.446.00
	Samtals kr. 277.809.00	kr. 757.160.00

Við útreikninginn eru notaðir 7% vextir p. a. til 16. maí 1973 og síðan 9% til frambúðar. Um aðrar forsendur og annað, sem máli skiptir, vísast til fyrsta útreiknings míns, sem dagsettur er 19. janúar 1971.“

Af hálfu stefnda er því haldið fram varðandi kröfu stefnanda um bætur vegna örorkutjóns, að tjón þetta sé byggt á læknisfræðilegu örorkumati og tjónsútreikningi tryggingafræðings, sem sé tvíþættur. Sé annars vegar um að ræða áætlað vinnutekjutap vegna starfa utan heimilis, byggt á skattframtalstekjum stefnanda 3 síðustu árin fyrir slysið, en hins vegar vegna starfa stefnanda sem húsmóður við heimilisstörf, hvort tveggja miðað við Iðjuxtaxta. Útreikningi þessum er mótmælt sem röngum, of háum og í engu samræmi við raunveruleikann. Í því sambandi er á það bent, að tekjur stefnanda utan heimilis fyrir slysið auk iðju-starfa séu fyrir reiðkennslu og tamningu auk fiskvinnu, en eftir slysið fyrir afgreiðslustörf. Hvað varðar tekjutapsáætlun vegna heimilisstarfa er bent á það, að hagir stefnanda hafi verulega breyst eftir slysið, þar sem hún hafi slitið samvistir við mann sinn árið 1970, sem ætti að hafa bætt aðstöðu hennar vegna heimilisstarfa, auk þess sem aðstaða hennar ætti að batna jafnt og þétt eftir því sem börnin eldast. Þá beri að meta til lækkunar, að gætt sé miskabótasjónarmiða við örorkumöt lækna auk þess sem ekki hafi verið tekið tillit til skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu samkvæmt dómvenju. Einnig virðist óhjákvæmilegt að fá úr því skorið, hvort rauntekjur stefnanda hafi verulega skerst við slysið, og var skorað á stefnanda að leggja fram skattframtöl sín fyrir árin eftir slys. Kröfu stefnanda um miskabætur

var mótmælt sem allt of hárrí og í engu samræmi við dómvenju, en lagt á vald dómsins að meta hæfilega bætur samkvæmt þessum lið og verði þá metið til lækkunar, að við læknisfræðilegt örorkumat sé jafnan tekið tillit til miskasjónarmiða, sbr. nýlega tímaritsgrein í Tímariti lögfræðinga. Auk þess beri að taka tillit til skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu samkvæmt dómvenju.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram við munnlegan málflutning, að örorkumat það, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, sé venjulegt örorkumat, þar sem skert aflahæfi sé lagt til grundvallar. Jafnframt var bent á dóm Hæstaréttar frá 8. nóv. 1974, en þar hafi skert aflahæfi verið lagt til grundvallar örorkubótum, en ekki litið til þess, að tekjur höfðu ekki minnkað. Varðandi miskabótakröfu stefnanda var því haldið fram, að tamning hesta hafi bæði verið atvinna stefnanda og aðaláhugamál. Eftir slysið geti stefnandi ekki framar sinnt þessu áhugamáli sínu.

Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin og afleiðingar slyss stefnanda. Þegar hagir stefnanda eru virtir og athugað er það, sem hér að framan hefur verið rakið, og hliðsjón höfð af þeim atriðum, sem hafa ber í huga við ákvörðun bóta sem þessara, þá þykja bætur til stefnanda vegna örorkutjóns og miska hæfilega ákveðnar kr. 1.000.000.

Um 2. Af hálfu stefnda er þessum lið ekki mótmælt tölulega, en því haldið fram, að hann beri að telja til málskostnaðar, ef til komi, samkvæmt dómvenju og beri því ekki vexti.

Fallist er á þessa skoðun stefnda, og verður tekið tillit til þessa liðar við ákvörðun málskostnaðar.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnda verður gert að greiða stefnanda 3/4 af kr. 1.000.000, eða kr. 750.000, og vexti, sem ákveðast 7% á ári frá 26. maí 1969 til 16. maí 1973, en 9% á ári frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 160.000.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Haukur Ragnarsson tilraunastjóri og Valur Þorvaldsson ráðunautur.

Dómsorð:

Stefndi, Hestamannafélagið Fákur, greiði stefnanda, Kolbrúnu Kristjánsdóttur, kr. 750.000 með 7% ársvöxtum frá 26. maí 1969 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 160.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.